

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness mánudaginn 29. júní 2015 í máli nr. S-26/2015:

### Ákærvaldið

*(Fanney Björk Frostadóttir ftr.)*

### gegn

#### Aroni Hlyni Ásgeirssyni

*(Theodór Kjartansson hdl)*

#### Ólafi Hafsteini Ólafssyni

*(Garðar Vilhjálmsson hdl.)*

#### Sigurði Frey Sigurðssyni

*(Snorri Snorrason hdl.)*

#### Stefáni Frey Thordersen

*(Ólafur Karl Eyjólfsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní 2015, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 13. janúar 2015, á hendur Aroni Hlyni Ásgeirssyni kt. 000000-0000, Gónhóli 24, Reykjanesbæ, Ólafi Hafsteini Ólafssyni, kt. 000000-0000, Brekkustíg 4, Reykjanesbæ, Sigurði Frey Sigurðssyni, kt. 000000-0000, Gónhóli 13, Reykjanesbæ og Stefáni Frey Thordersen, kt. 000000-0000, Krossmóa 3, Reykjanesbæ, „fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 9. júní 2013, utan við veitingastaðinn Hlöllabáta við Hafnargötu 12 í Reykjanesbæ, í félagi ráðist á A, Sigurður með því að slá A nokkrum sinnum í andlitið, Ólafur með því að slá A í andlitið og Aron með því að slá A í andlitið, Stefán Freyr með því að skalla A einu sinni í andlitið, allt með þeim afleiðingum að A hlaut nefbeinabrot, glóðarauga á hægri auga, fjölda yfirborðsáverka í andliti, eymsli yfir kjálkaliðum og mar á vinstri upphandlegg.“ Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu liggur fyrir bótakrafa Ómars Arnars Bjarnþórssonar hdl., fyrir hönd A brotþola, og er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða honum, in solidum, bætur að fjárhæð 1.620.777 krónur að viðbættum dráttarvöxtum frá þeim tíma er mánuður er liðinn frá því að krafa þessi var kynnt kærðu, skv. IV kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna. Einnig að kærðu verði gert að greiða

lögmannskostnað A, sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Allir verjendur lögðu fram greinargerðir í málinu. Að hálfu Arons Hlyns, Ólafs Hafsteins og Sigurðar Freys var krafist frávísunar málsins á þeim grundvelli að ákæran uppfyllti ekki ákvæði c-liðar 1. mgr. 152. gr. og 180. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt 2. mgr. 181. gr. sömu laga var felldur úrskurður um þá kröfu þann 12. mars sl., á þá leið að hafnað var kröfu um frávísun málsins. Til vara kröfðust þeir sýknu og til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði skilorðsbundin að öllu leyti.

Ákærði Stefán Freyr krafðist þess aðallega að verða sýknaður af refsikröfu, til var að refsing verði felld niður og til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa og að í öllum tilfellum var þess krafist að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda.

## I

### *Málsatvik*

Í gögnum málsins kemur fram að brotþoli hafi mætt á lögreglustöð þann 4. júlí 2013 og lagt fram kærú á hendur fjórum nafngreindum mönnum, ákærðu þessa máls. Upphaf málsins megi rekja til þess að brotþoli slær ákærða Ólaf á veitingastaðnum Ungó í Reykjanesbæ. Að einhverjum tíma liðnum sömu nótt, fyrir utan Hlöllabáta í Reykjanesbæ, hafi ákærði Sigurður vinur Ólafs, slegið brotþola og einnig hafi annar vinur Ólafs, ákærði Aron, og ákærði Ólafur slegið hann. Að sögn brotþola mun ákærði Sigurður hafi slegið hann oft, meðal annars meðan hann hafi staðið með hendur fyrir aftan bak. Þegar brotþoli hafi síðan ætlað að yfirgefa staðinn hafi komið að ákærði Stefán, sem einnig er vinur ákærða Ólafs, og skallað brotþola í andlitið.

Skýrslur voru teknar af öllum ákærðu hjá lögreglu og vitnum. Ákærðu, sem allir neituðu sök hjá lögreglu, báru að brotþoli, sem hafi verið ölvaður og æstur, hafi egnt menn til þess að berja sig og bæri hann sök á málum, enda hafi hann fyrst kýlt ákærða Ólaf og þannig stofnað til þess sem á eftir kom. Allir ákærðu báru að áverkar þeir sem voru á brotþola gætu ekki verið eftir þá.

Í málinu liggja fyrir vitnisburðir nokkurra vitna og sem gáfu skýrslu fyrir dómi, mynddiskur sem sýnir átök og afrit sms-skilaboða en auk þess liggja fyrir læknisvottorð brotþola, ákærða Ólafs og ákærða Stefáns Freys.

## II

### *Skýrslur fyrir dómi.*

Ákærði Aron Hlynur Ásgeirsson kom fyrir dóminn og bar að hafa verið ásamt öðru vinnafólki á Ungó í samræðum er brotþoli hafi verið að gera lítið úr klæðaburði ákærða Ólafs. Hafi það endað með því að brotþoli hafi kýlt Ólaf í andlitið. Fyrir

aftan Hlöllabáta hafi brotaþoli og ákærði Sigurður byrjað í einhverjum stimpingum með ýtingum. Stimpingarnar hafi síðan færst á svæði fyrir framan Hlöllabáta og þá hafi hann og Ólafur einnig verið orðnir þátttakendur. Ólafur hafi haldið utan um brotaþola aftan frá en hann sjálfur hafi bara lagt hönd sína í andlit brotaþola og ýtt honum burtu og sagt við brotaþola að hætta þessu bulli. Hafi hann fyrst og fremst verið að reyna að sætta aðila. Hann hafi ekki séð hvað ákærði Sigurður hafi gert og ekki séð ákærða Ólaf slá brotaþola. Spurður um áverka á brotaþola kvaðst ákærði ekki hafa séð nein högg og ekki séð áverka á brotaþola áður en hann fór. Sjálfur hafi hann ekki verið drukkinn og geti ekki svarað til um ástand brotaþola sem hafi verið ógnandi og æstur. Borið undir ákærða afrit sms-skilaboða, staðfesti ákærði að um væri að ræða skilaboð frá honum til brotaþola. Útskýrði hann þau þannig, að þegar fram komi í þeim skilaboðum að hann sé að biðjast afsökunar á því að hafa kýlt brotaþola einu sinni, sé átt við að hann hafi ýtt í brotaþola eins og hann hafi lýst áður. Spurður um það sem fram komi í skilaboðunum, þar sem rætt er um höggið sem ákærði Sigurður hafi veitt brotaþola fyrir aftan Hlöllabáta, bar ákærði að hann hafi heyrt um það degi síðar en hann hafi ekki séð það.

Ákærði Ólafur Hafsteinn Ólafsson kom fyrir dóminn og bar að brotaþoli hafi kýlt sig inni á skemmtistaðnum Ungó án tilefnis. Hann hafi orðið pirraður við þetta, enda brotnað framtönn í honum. Einhver rifrildi hafi síðan orðið fyrir utan Hlöllabáta milli hans og brotaþola og ákærða Sigurðar. Sigurður hafi slegið til brotaþola einu sinni eða tvisvar. Hafi annað höggið lent í axlarhæð en hitt öðrum megin á höfði hans. Hann hafi ekki séð hvort Sigurður hafi verið með krepptan hnefa. Sjálfur hafi hann slegið brotaþola einu sinni en mundi ekki hvar höggið lenti. Bent á að í lögregluskýrslu komi fram að hann hafi slegið brotaþola með krepptum hnefa hægra megin í höfuðið, taldi ákærði að það gæti verið en hann muni það ekki, en hann hafi ekki verið að segja rangt í lögregluskýrslunni. Sjálfur hafi hann verið búinn að drekka en viti ekki hvernig ástand brotaþola hafi verið. Brotaþoli hafi síðan farið burt en snúið við og hlaupið aftur að þeim ógnandi. Hann hafi þá haldið brotaþola með annarri hendi utan um háls hans og ekki hafi orðið frekari átök. Ákærðu Aron og Sigurður hafi hjálpað honum að halda brotaþola. Hafi hann ekki séð að neitt annað hafi gerst. Lögreglan hafi komið skömmu eftir þetta og hann þá verið farinn ásamt Aroni og Sigurði. Aðspurður kannaðist ákærði ekki við þá áverka sem hafi reynst vera á brotaþola. Brotaþoli hafi bara verið nokkuð góður, ekki kvartað neitt og ekki litið út fyrir að vera með neitt í andlitinu.

Ákærði Sigurður Freyr Sigurðsson kom fyrir dóminn og bar að hafa verið að ganga Hafnargötuna og mætt ákærða Ólafi sem hafi verið með blóð á tönnum og upplýsti Ólafur að brotaþoli hafi kýlt hann. Við Hlöllabáta hafi hann ætlað að ræða við brotaþola og spyrja hann hvort hann ætlaði ekki að biðja Ólaf afsökunar á því sem hann hefði gert honum. Brotaþoli hafi hins vegar verið ágengur og ögrandi sem hafi endað með rifrildum þeirra á milli. Hafi það endað í smá-átökum og hann slegið til brotaþola. Hafi annað höggið lent í öxl en hitt með opnum lófa í höfuðið, aðeins fyrir ofan eyrað. Eftir þetta hafi hann og ákærðu Ólafur og Aron farið inn á Hlöllabáta en brotaþoli komið brjáláður og ætlað inn og sagst ætla að berja þá alla. Fyrir utan hafi brotaþoli síðan hlaupið að þeim og kýlt hann. Ólafur hafi haldið brotaþola og hann sjálfur ýtt í bak brotaþola. Hann hafi litið séð hvað ákærði Aron hafi gert annað en að hann hafi ýtt í brotaþola. Brotaþoli hafi aldrei farið í jörðina og eftir þetta hafi átökin verið stöðvuð. Ákærði kannaðist ekki við að áverkar á andliti brotaþola væru eftir hann og hafi hann ekki séð áverka á brotaþola. Borið undir ákærða að í lögregluskýrslu hafi hann sagt að hann hafi slegið brotaþola ofan

á höfuðið tvisvar og kannaðist ákærði ekki við það og ekki heldur það sem fram komi í lögregluskýrslu að hann hafi séð þegar ákærði hafi tvisvar verið sleginn í nefið.

Ákærði Stefán Freyr Thordersen kom fyrir dóminn og bar að klukkan rúmlega þrjú um nóttina hafi hann hitt ákærða Aron sem hafi sagt honum að ákærði Ólafur hafi verið laminn af brotþola. Ákærði Ólafur sé ekki þekktur fyrir vandræði en brotþoli sé það. Hafi hann hitt brotþola við Hlöllabáta og hafi brotþoli þá verið alblóðugur. Hafi hann gengið að brotþola, sem hafi gengið á móti honum, og hann ýtt höfðinu í brotþola, ekki skallað en sett enni í enni eins og gerist í kappleikjum. Hann muni ekki hvort einhver orðaskipti hafi átt sér stað þeirra í milli. Ekkert frekar hafi gerst og hann verið dreginn í burtu. Hann hafi ekki séð hvort blæðing í andliti brotþola hafi aukist við þetta og ólíklegt sé að áverkar í andliti brotþola séu eftir hann. Hafi hann verið ölvaður en muni eftir öllu og hafi hringt í brotþola deginum síðar og beðist afsökunar á þessu, enda ekki talið aðkomu sína alvarlega.

Vitnið A brotþoli í máli þessu, kom fyrir dóminn og bar hafa verið að rífast við ákærða Ólaf í „Ungó“. Hann hafi slegið Ólaf utan undir, ekki kýlt og ekki séð blóð. Hafi Ólafur þá hringt í vini sína. Við Hlöllabáta hafi hann verið að ganga með kærustu sinni og ákærði Sigurður þá kýlt hann tvisvar í andlitið með krepptum hnefa. Minnti hann að þá hafi sprungið vör. Ólafur hafi síðan tekið hann hálstaki og Sigurður kýlt hann aftur, nokkrum sinnum að hann minnti. Þau högg hafi öll verið í andlitið, nefið og framanvert andlitið. Hann hafi þá dottið niður. Aron og Ólafur hafi verið fyrir aftan hann og síðan hafi allir ákærðu barið hann og kýlt að hann minnti og hafi það einnig verið í andlitið. Hann geti þó ekki greint nákvæmlega hvar hver sló hann í andlitið, enda atvik í móðu. Hafi hann þá staðið upp og að hann minnti hafi Aron þá slegið hann aftur. Hann hafi þá sagt að hann vildi ekki slást, sett hendur fyrir aftan bak og ákærði Sigurður þá kýlt hann aftur, nokkrum sinnum að hann minnti. Eftir þetta hafi hann verið að fara burt þegar ákærði Sigurður hafi kallað í hann og hann hlaupið að honum og þeir dottið niður. Í því hafi lögreglan komið og hann gefið skýrslu. Hafi hann verið með áverka eftir þessi átök, aðallega í nefi og tönnum og báðum kjálkum. Hafi blætt mikið. Þegar hann hafi verið að ganga burt hafi ákærði Stefán komið á móti honum og hann gengið á móti Stefáni og hafi Stefán þá skallað hann í andlitið án þess að segja nokkuð. Hafi hann fundið mikið til í nefinu eftir þetta, enda verið skallað beint á nefið. Meira hafi blætt úr nefinu í kjölfar þess. Hann hafi þurft að fara í aðgerð á nefi eftir þetta. Spurður um ástand sitt þessa nótt kom fram að hann hafi verið búinn að drekka eitthvað og verið æstur eftir allt sem á undan hafi gengið. Spurður hvort hann geti sagt til um hvenær nef hans hafi brotnað, gat brotþoli ekki fullyrt um það. Aðspurður um að í skýrslu lögreglu og hjá lækni hafi hann annars vegar nefnt að 10 manns hafi ráðist á hann og hins vegar í læknisvottorði 7 manns, bar vitnið að það hafi margir verið á staðnum en það hafi fjórir ráðist á hann.

Vitnið B kom fyrir dóminn og bar að hafa sjálfur verið ofurölvi og geti því ekki vitnað um margt og viti ekki muninn á því sem hann hafi hugsanlega séð eða heyrt eftir þetta en brotþoli hafi verið mjög drukkinn. Vitnið sé vinur allra í málinu, brotþola og ákærðu.

Vitnið C kom fyrir dóminn og bar að atvik væru óljós, margir komið að málum og mikill æsingur. Sjálfur hafi hann verið edrú. Hafi hann reynt að komast burtu ásamt kærustu brotþola. Brotþoli hafi ekki viljað fara og verið mjög ölvaður og æstur.

Hann geti ekki mikið greint frá átökum en hafi séð brotþola, ákærðu Ólaf, Aron og Sigurð eigast við. Hafi hann engin högg séð. Eftir átök þeirra hafi hann séð blóð í andliti brotþola. Borin undir vitnið skýrsla hans hjá lögreglu um að hann hafi séð Aron eða Ólaf kýla eða ýta brotþola og að eftir átökin hafi verið áverkar á nefi og vör brotþola bar vitnið að þarna hafi verið rétt eftir sér haft.

Vitnið D kom fyrir dóminn og bar að hafa verið á bíl við hliðina á Hlöllabátum. Þar hafi hann séð hóp af fólki í átökum en viti ekki hverjir hafi tekið þátt í þeim. Borin undir hann skýrsla hans hjá lögreglu þar sem hann nafngreini ákærða Sigurð og að Sigurður hafi öskrað á „mann“ og ýtt honum í burtu og síðar kýlt og hafi maðurinn hnigið niður við höggið. Vitnið bar að rétt væri eftir sér haft þá.

Vitnið E kom fyrir dóminn og bar að hafa verið með ákærða Stefáni. Þeir hafi fengið ábendingu um að félagi þeirra hafi orðið fyrir líkamsárás fyrr um kvöldið. Hafi þeir þá mætt meintum geranda. Stefán hafi gefið sig á tal við hann og þeim verið heitt í hamsi, og hafi þeir mæst þannig að þegar þeir hafi verið að öskra hvor á annan hafi höfuð þeirra mæst. Hafi þetta endað með því að ákærði Stefán hafi ýtt brotþola með höfðinu í burtu. Brotþoli hafi þá bakkað frá og þegar lögreglu hafi borið að hafi brotþoli látið sig detta og öskrað. Aðspurður kvaðst hann hafa séð áverka á brotþola áður en þetta gerðist og brotþoli verið blóðugur í framan.

Vitnið F kom fyrir dóminn og bar að hafa verið með ákærða Stefáni og þá fengið upplýsingar um að Ólafur hafi verið laminn. Hafi þeir síðan séð brotþola og greinilegt að eitthvað hafði gengið á því að hann hafi ekki litið vel út, hann hafi þó ekki getað greint hvaða áverkar voru á honum. Ákærði Stefán hafi þá gengið upp að brotþola og sagt eitthvað við hann og sett ennið við enni brotþola eins og þegar fótboltamenn eru að rífast. Annað hafi hann ekki séð. Borið var undir hann að í skýrslu hjá lögreglu hafi hann borið að hafa séð blóð og taldi vitnið að það gæti hafa verið.

Vitnið G kom fyrir dóminn og bar að hann væri kunningi allra ákærðu og hafi fengið upplýsingar um að ákærði Ólafur hafi verið kýldur. Hafi hann komið að brotþola og Ólafi þar sem Ólafur hafi viljað fá skýringu á því af hverju brotþoli hafi kýlt hann. Hafi vitnið einnig viljað fá skýringu frá brotþola á þessu en gefist upp á því. Þegar hann hafi gengið burt hafi brotist út slagsmál. Á staðnum hafi verið, auk ákærða Ólafs, Aron Hlynur og Sigurður Freyr og hafi þeir átt í átökum við brotþola en hann geti ekkert lýst þeim átökum. Þá hafi kærasta brotþola verið á staðnum. Brotþoli hafi síðan gengið upp að vitninu og spurt hvort hann vildi kýla sig og „verið ruglaður á því“. Þá hafi brotþoli verið alblóðugur í framan og hann séð að nef brotþola var skakkt og hafi hann nefnt það sérstaklega við lögreglumanninn H. Síðar hafi hann séð hvar ákærði Stefán stóð þétt við brotþola og virtist honum þeir vera að tala saman, en síðan ýtti Stefán brotþola frá sér með höfðinu. Hann mundi ekki hver viðbrögð brotþola hafi verið eftir þetta.

Vitnið I kom fyrir dóminn og bar að vera vinkona ákærða Stefáns. Í umrætt sinn hafi hún verið að ganga með ákærða Sigurði þegar ákærði Ólafur hafi komið að og sagt frá því að brotþoli hafi verið að kalla Sigurð aumingja. Brotþoli hafi þá verið staddur bak við Hlöllabáta og staðið með hendur fyrir aftan bak og ögrað Sigurði: „Hvað þorirðu ekki í mig“. Á endanum hafi Sigurður „farið í hann“ og kýlt brotþola. Hafi hann kýlt brotþola aðallega í andlitið með krepptum hnefa nokkur högg, líklega ein 10 högg, ekki mikið meira en það. Brotþoli hafi ekki kýlt á móti.

Spurð um ástand brotþola eftir þetta kom fram að hann hafi verið blóðugur í andliti. Hafi það komið fram hjá lögreglumönnum, sem hafi verið að taka skýrslur, að brotþoli hafi þá verið nefbrotinn. Aðspurð gat hún ekki svarað því hvort ákærðu Aron og Ólafur hafi verið á staðnum þegar þetta hafi átt sér stað. Vitnað til lögregluskýrslu þar sem fram komi að hún hafi séð brotþola lemja Sigurð einu sinni eða tvisvar kvaðst hún ekki muna eftir því núna. Spurð um það hvort hún hafi séð átök milli ákærða Stefáns og brotþola kvaðst hún hafa séð þá setja saman enni við enni eins og fótoltamenn geri. Hafi hún ekki séð frekari áverka á brotþola eftir samskipti brotþola og Stefáns.

Vitnið J kom fyrir dóminn og bar að þekkja bæði ákærða Stefán og brotþola og hafa verið að ganga frá Ungó og þá séð brotþola og ákærða Stefáns ræða saman. Hann hafi ekki séð nein átök þeirra á milli. Hafi hann séð blóð á brotþola á nefi og andliti áður en Stefán bar að. Borin undir hann skýrsla hans hjá lögreglu um að einhver orðaskipti hafi átt sér stað á milli Stefáns og ákærða og þeir verið með andlitin nánast hvor upp að öðrum bar vitnið að svo hafi verið en hann hafi ekki séð brotþola detta eða hljóða upp eftir samskipti þeirra.

Vitnið K kom fyrir dóminn og bar að vera kærasta brotþola. Hafi hún séð þegar brotþoli sló til ákærða Ólafs og hafi verið að ögra honum áður. Eftir þetta hafi hún reynt ásamt C og B að fá brotþola til þess að fara. Í því komi ákærði Sigurður hlaupandi og kýli brotþola eitt eða tvö högg. Brotþoli reyni að fá Sigurð til að ræða málin og fari þeir bak við Hlöllabáta. Þá hafi þau heyrt læti og séð hvar Ólafur hélt brotþola hálstaki aftan frá og Sigurður var að kýla brotþola sem detti. Hún viti ekki hversu mörg högg „en alveg slatta“. Hafi höggunum verið beint að andliti brotþola með krepptum hnefa. Ákærði Aron hafi kýlt brotþola einu sinni meðan á þessu stóð en hún viti ekki hvar það högg hafi lent og það hafi ekki verið eins fast og hjá Sigurði. Sama ætti við um Ólaf sem hafi einnig kýlt brotþola einu sinni í þessum átökum en hún viti ekki hvar það högg lenti. Báðir hafi verið með kreppta hnefa. Eftir þetta setji brotþoli hendur fyrir aftan bak og segist ekki vilja slást en þá kýli Sigurður brotþola í andlitið fjórum til fimm sinnum. Hafi hún reynt að stöðva þetta og reynt að fá brotþola til þess að fara. Þegar þau hafi verið að fara burtu hafi einhver af ákærðu kallað í brotþola sem hafi þá farið til baka og brotþoli og ákærðu detti, en ekki hafi orðið meira úr því. Hafi brotþoli verið með áverka þegar þarna var komið sögu, allt í blóði. Hún hafi ekki séð hvar áverkarnir voru. Í því beri að lögreglu og ákærðu hafi farið burtu. Eftir skýrslutöku hjá lögreglu hafi þau verið saman á leiðinni upp á sjúkrahús en í því komi ákærði Stefán og hafi hann verið glottandi og í stað þess að ræða við brotþola hafi hann skallað hann í nefið. Hafi hún séð það mjög vel og brotþoli þá gripið um nefið og greinilegt að hann hafi meitt sig þá. Brotþoli og ákærði Stefán hafi ekki átt í neinum orðaskiptum en ákærði Stefán sagt eitthvað áður við brotþola.

Vitnið L lögreglumaður bar fyrir dómi að hafa leyst upp ágreining og við komu á staðinn hafi brotþoli verið með ákærða Ólaf í háslás. Lögregla hafi á vettvangi rætt við brotþola og tekið af honum skýrslu. Brotþoli hafi verið talsvert ölvaður, æstur og illa áttaður, enda óviðræðuhæfur og hafi ekki viljað þiggja aðstoð lögreglu um að fara upp á sjúkrahús og gengið í átt frá lögreglubifreiðinni ásamt einhverri stúlku. Í þann mund mæti hann ákærða Stefáni sem hafi þar verið með öðru fólki. Einhver orðaskipti verði á milli ákærða Stefáns og brotþola. Hafi vitnið fylgt brotþola eftir með augunum vegna ástands hans en hann var blóðugur í andliti og svolítið illa leikinn. Vitnið hafi ekki heyrt orðaskipti en ákærði Stefán hafi

viðstöðulaust skallað brotþola, eiginlega gengið í hann eða stangað hann. Ákærði hafi hallað sér fram áður, ekki stoppað, verið á gönguhraða og tekið brotþola í skrefinu, það hafi orðið högg, hann viti ekki hversu mikið. Skömmu síðar „limpist“ brotþoli niður og hafi virst kenna til eftir samskipti þeirra. Vitnið gat ekki borið hvort brotþoli hafi sett undir sig höfuðið en ákærði Stefán hafi verið neðar með höfuðið. Hann hafi ekki séð nákvæmlega hvar höfuð ákærða lenti en það hafi verið blóðblettur ofarlega á andliti ákærða. Spurt hvort sjáanlegir hafi verið aðrir áverkar á brotþola eftir samstuð hans við ákærða Stefán, bar vitnið að eftir þetta hafi blóð dropað niður af brotþola en það hafi ekki gert það áður þótt það hafi verið blóð á nefsvæði hans áður. Hann vissi ekki hvort blóð hafi verið á enni ákærða.

Vitnið M lögreglumaður bar fyrir dómi að hann hafi séð þegar brotþoli hafi verið skallaður af ákærða Stefáni. Stefán hafi gengið í beinni línu að brotþola og skallað hann, rekið ennið í andlit brotþola. Hann geti ekki vitnað um það hvort ákærði hafi reigt aftur höfuðið, en augljóst hafi verið hvað ákærði ætlaði að gera. Þetta hafi ekki verið eins og tveir menn hafi gengið saman. Brotþoli hafi snúið sér við höggið og hann hafi séð þegar blóð byrjaði að renna úr brotþola og brotþoli hnigið niður. Hann hafi ekki séð hvar ennið hafi lent í andliti brotþola og ekki séð hvort blætt hafi úr brotþola áður en þetta hafi gerst. Hann vissi ekki hvort einhver orðaskipti hafi átt sér stað á undan. Hafi það verið mat lögreglu á þessum tíma að ákærði Stefán hafi skallað brotþola og hann því verið handtekinn á vettvangi.

Vitnið N lögreglumaður bar fyrir dómi að hafa rætt við brotþola á vettvangi. Hafi brotþoli, sem hafi verið með einhverja áverka á nefi, verið æstur og ölvaður og ekki orðið við tilmælum hans og gengið í átt að ákærða Stefáni. Hafi brotþoli gengið meira til ákærða Stefáns en ákærði til brotþola. Þar hafi átt sér stað einhver orðaskipti en hann ekki séð hvað síðar átti sér stað. Hafi ákærði Stefán verið handtekinn þar sem L lögreglumaður hafi talið að ákærði hafi veitt brotþola aukna áverka.

Vitnið H lögreglumaður gaf símaskýrslu fyrir dómi og bar að hafa séð brotþola eftir samskipti hans við ákærða Stefán og hafi brotþoli verið blóðugur um munn og nef. Í því hafi borið að vitnið G sem hafi sagt honum að brotþoli hafi verið með blóð á nefinu áður en Stefán gekk í andlitið á honum.

Vitnið O lækni gaf símaskýrslu fyrir dómi. Beðinn um að lýsa áverkum brotþola kom fram að nef brotþola hafi verið brotið og mar í kringum auga, hann hafi verið með áverka á efri vör hægra megin þar sem húð hafi rifnað frá eftir högg. Þessi áverki á vör sé svolítið sérstakur og gæti verið eftir hnúajárn, enda bylgjuför í áverkanum. Þá hafi brotþoli verið með áverka á höfði og mar á handlegg. Hafi brotþoli þurft að fara í aðgerð á nefi. Framangreindir áverkar séu tilkomnir vegna ítrekaðra högga.

### III

#### *Niðurstöður*

Óumdeilt er að sú atburðarás sem fór af stað í máli þessu hófst með því að brotþoli sló ákærða Ólaf á skemmtistaðnum Ungó fyrr sömu nótt. Brotþoli var með dómi Héraðsdóms Reykjaness þann 2. júní sl., í málinu nr. [...], sakfelldur fyrir þá háttsemi. Þá er sannað, meðal annars með framburði ákærðu sjálfra, að skömmu

eftir þann atburð áttu sér stað líkamleg samskipti á milli þeirra og brotaþola, með misjöfnum hætti þó, en ákærðu báru að þau samskipti hefðu ekki getað leitt til þeirra áverka sem reyndust síðan vera á brotaþola.

Ekkert hefur komið fram í málinu um að brotaþoli hafi verið með áverka áður en hann átti í samskiptum við þá Aron, Ólaf og Sigurð. Brotaþoli hefur borið að ákærðu Aron, Ólafur og Sigurður hafi allir kýlt hann í andlitið. Strax eftir samskipti þeirra bar að lögreglu og meðan hún var á staðnum átti sér stað atvik á milli ákærða Stefáns og brotaþola. Farið var með brotaþola í beinu framhaldi af því á sjúkrahús. Þótt brotaþoli hafi sjálfur borið á vettvangi eða hjá lækni að hann hafi átt í útistöðum við marga aðila og nefnt í því sambandi 10 eða 7 manns, þá er ekkert í málinu sem gefur tilefni til að ætla að svo hafi verið. Er að mati dómsins ljóst að áverkar brotaþola komu í samskiptum hans við ákærðu þessa máls og verði að meta þau samskipti í heild, enda hliðstæðar athafnir í nánnum tengslum í tíma og rúmi.

Í málinu liggur fyrir afrit sms-skilaboða frá ákærða Aroni, sent til brotaþola degi eftir atvik málsins. Í því kemur fram að ákærði Aron er að biðja brotaþola afsökunar á því að hafa kýlt hann einu sinni og að hann hafi aldrei slegið frá sér áður. Ákærði, sem viðurkenndi að hafa sent skilaboðin, gaf þá skýringu fyrir dómi að hann hafi með þessu átt við það, að hann hafi lagt hönd sína á andlit brotaþola og ýtt honum burtu. Sú skýring ákærða er að mati dómsins ekki trúverðug og þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði Aron hafi, í stað þess að leggja hönd sína á andlit brotaþola, kýlt einu sinni í andlit brotaþola. Fær sú skýring nokkra stoð í vitnisburði K sem bar fyrir dómi að ákærði Aron hafi kýlt brotaþola einu sinni með krepptum hnefa þótt hún hafi ekki getið vitnað um hvar það högg lenti. Þá bar ákærði Aron að hafa ekki séð neina áverka á brotaþola eftir samskipti hans, Ólafs og Sigurðar við brotaþola.

Ákærði Ólafur hefur viðurkennt fyrir dóminum að hafa verið reiður brotaþola eftir samskipti þeirra fyrr um kvöldið og hafi hann kýlt brotaþola einu sinni og vel gæti verið að það hafi verið með krepptum hnefa hægra megin í höfuð brotaþola. Vitnið K bar í skýrslu sinni fyrir dómi að ákærði Ólafur hafi kýlt brotaþola einu sinni með krepptum hnefa en hún viti ekki hvar það högg lenti. Er að mati dómsins komin fram lögfull sönnun þess að ákærði Ólafur hafi kýlt brotaþola í höfuðið, þótt ekki liggi fyrir hvar það högg lenti. Þá bar ákærði einnig að hafa haldið utan um háls brotaþola. Um ástand brotaþola eftir þetta bar ákærði Ólafur að það hafi bara verið nokkuð gott, brotaþoli ekki kvartað neitt og ekki litið út fyrir að vera með neitt í andlitinu.

Ákærði Sigurður bar fyrir dómi að hafa lent í smá-átökum við brotaþola og hafi hann slegið brotaþola tvisvar. Hafi annað höggið lent í öxl en hitt aðeins fyrir ofan eyra hans og að hann hafi ýtt brotaþola eftir að brotaþoli hafi kýlt hann. Brotaþoli bar að Sigurður hafi kýlt sig oft. Vitnið D bar fyrir dómi að ákærði Sigurður hafi í umrætt sinn kýlt mann og hafi maðurinn hnigið niður við höggið. Vitnið I bar að ákærði Sigurður hafi kýlt brotaþola oft í andlitið með krepptum hnefa, líklega ein 10 högg, meðan brotaþoli stóð með hendur fyrir aftan bak. Vitnið K bar fyrir dómi að ákærði Sigurður hafi komið hlaupandi og kýlt brotaþola eitt eða tvö högg. Stuttu síðar hafi Sigurður kýlt brotaþola mörg högg, „alveg slatta“. Hafi höggunum verið beint að andliti brotaþola með krepptum hnefa. Eftir þetta setji brotaþoli hendur fyrir aftan bak, en þá slái Sigurður í andlit brotaþola, fjórum til fimm sinnum. Á myndbandi sem liggur fyrir í málinu má sjá ákærða Sigurð slá brotaþola tvisvar

sinnum í andlitið, meðal annars meðan brotaþoli stendur með hendur fyrir aftan bak. Er fram komin lögfull sönnun þess að ákærði Sigurður hafi ítrekað slegið brotaþola í andlitið. Ákærði Sigurður kvaðst ekki hafa séð áverka á brotaþola eftir þetta.

Í málinu liggja fyrir skýrslur fjölda vitna, þar á meðal frá lögreglumönnum L og N, sem öll hafa borið á einn veg, að áverkar og blóð hafi verið í andliti brotaþola eftir samskipti hans við ákærðu Aron, Ólaf og Sigurð. Framburður þeirra um að engir áverkar hafi verið á brotaþola eftir samskipti þeirra við hann eru því ótrúverðugir.

Að mati dómsins telst sannað að ákærðu Aron, Ólafur og Sigurður hafi, í félagi, ákveðið að refsa brotaþola fyrir að hafa skömmu áður slegið Ólaf, og hafi allir, í mismiklum mæli þó, slegið brotaþola í andlit eða höfuð og á einhverjum tímapunkti allir ýmist haldið eða slegið brotaþola. Virðist sem sú aðgerð hafi á einhvern hátt farið úr böndum. Ekki liggur fyrir að ákærðu hafi hlotið áverka í þessum átökum, en sannað er að brotaþoli var með áverka í andliti, alblóðugur, meðal annars á nefsvæði áður en samskipti brotaþola við ákærða Stefán áttu sér stað.

Ákærði Stefán bar að hafa sett enni sitt í enni brotaþola en hann hafi ekki skallað, og beri ekki ábyrgð á nefbroti brotaþola. Vitnin E, F og G sem öll hafa borið að vera vinir ákærða Stefáns, og I, vinkona hans, báru á þann veg að Stefán hafi sett enni sitt við enni brotaþola, eins og þegar fótboltamenn eru að rífast. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af ákærða Stefáni eftir atburði næturinnar þann 9. júní 2013, kom fram að hann hafi skallað brotaþola, þó að það hafi ekki verið fast. Ákærði ber nú með öðrum hætti fyrir dómi. Vitnið K, vinkona brotaþola, bar að hafa séð greinilega þegar ákærði Stefán hafi skallað brotaþola í nefið. Vitnið L lögreglumaður bar að ákærði Stefán hafi viðstöðulaust skallað brotaþola, eiginlega gengið í hann eða stangað hann, og vitnið M lögreglumaður bar fyrir dómi að hann hafi séð þegar brotaþoli hafi verið skallaður af ákærða Stefáni. Hvorugur þeirra hafi þó séð hvar skalli ákærða hafi lent í andliti brotaþola. Var það mat lögreglumanna á vettvangi að ákærði Stefán hafi gerst brotlegur um það sem hann er nú ákærður fyrir og var hann handtekinn á vettvangi. Með vísan til framangreinds, sérstaklega vitnisburða tveggja óvilhallra lögreglumanna, um að ákærði Stefán hafi skallað brotaþola, telst hafið yfir skynsamlega vafa að ákærði Stefán hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir, að skalla brotaþola í andlitið. Háttsemi hans verður hins vegar ekki talin hafa verið gerð í félagi með öðrum ákærðu.

Alvarlegasti áverki brotaþola er nefbrot hans. Vitnið G bar að hafa séð að nef brotaþola var skakkt og hafi hann sérstaklega nefnt það við lögreglumanninn H. Hafi þetta verið áður en atvik á milli ákærða Stefáns og brotaþola hafi átt sér stað. Í vitnisburði lögreglumannsins H kom fram að hann hafi séð brotaþola eftir atvikið milli ákærða Stefáns og brotaþola og að það hafi verið þá sem vitnið G hafi komið til hans og sagt honum að brotaþoli hafi áður verið með blóð á nefinu. Vitnið I vinkona ákærða Stefáns, bar fyrir dómi að fram hafi komið hjá lögreglumönnum sem hafi tekið skýrslu af brotaþola á vettvangi eftir samskipti hans við ákærðu Aron, Ólaf og Sigurð, að brotaþoli hafi þá verið nefbrotinn. Ekkert í málinu styður þann framburð.

Brotaþoli segir í lögregluskýrslu þann 4. júlí 2013, spurður um áverka eftir samskipti hans við ákærðu Aron, Ólaf og Sigurð: „Og nefið er allt í smalli sko, eða

Þú veist ég var alveg vel bólginn allstaðar í kringum nefið sko, náttúrulega búinn að fá högginn á nefið“. Spurður um afleiðingar af skalla ákærða Stefáns kom fram: „..., ég eiginlega datt bara niður úr sársauka sko. Ég fann alveg bara, þetta var alveg eina eða þarna fann ég fyrst svona alveg mikinn sársauka í nefinu sko“. Í skýrslu sinni fyrir dómi bar hann að hafa fundið mikið til í nefinu eftir samskipti hans við ákærða Stefán, enda hafi hann verið skallaður beint á nefið og meira hafi blætt úr nefinu eftir þetta. K, vinkona brotaþola, bar fyrir dómi að brotaþoli hafi þá gripið um nefið og greinilegt að hann hafi þá meitt sig. Vitnið L lögreglumaður bar fyrir dómi að blóð hafi verið á nefsvæði brotaþola áður en hann hitti ákærða Stefán. Eftir að ákærði Stefán hafi skallað brotaþola, hafi brotaþoli fallið niður og virst hafa kennt til og blóð þá dropað niður. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af L þann 31. mars 2014, bar vitnið að brotaþoli hafi eftir samskipti hans við ákærðu Aron, Ólaf og Sigurð verið blóðugur í andliti, nánar tiltekið í munni og með blóðnasir, en erfitt hafi verið að greina hvort nefið hafi þá verið bólgíð eða brotið. Eftir samskipti ákærða Stefáns hafi blætt meira úr nefinu og greinileg breyting hafi orðið á líðan brotaþola eftir það. Vitnið M lögreglumaður bar fyrir dómi að hann hafi séð þegar brotaþoli hafi verið skallaður af ákærða Stefáni, brotaþoli hafi þá snúið sér við og hann hafi séð þegar blóð byrjaði að renna úr brotaþola og brotaþoli hnigið niður. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af M þann 2. apríl 2014, bar vitnið að hafa séð örllítið blóð í kringum nef brotaþola eftir samskipti hans við ákærðu Aron, Ólaf og Sigurð og taldi hann áverkana ekki hafa verið mikla. Um áverka eftir samskipti brotaþola við ákærða Stefán bar hann að töluverðar breytingar hafi þá verið á brotaþola og þá farið að fossblæða úr nefi brotaþola. Með vísan til þess sem að frama er rakið, þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði Stefán hafi í umrætt sinn, skallað í nef brotaþola en ekki ýtt í enni hans.

Í málinu hefur ekki verið leitt í ljós að ákærðu Aron eða Ólafur hafi kýlt brotaþola í nefið, þó að sannað sé að þeir hafi kýlt hann í andlitið. Brotaþoli bar að ákærði Sigurður hafi kýlt hann í nefið. Engin vitni hafa staðfest það fyrir dómi að ákærði Sigurður hafi slegið brotaþola í nefið, þótt sannað sé að hann hafi ítrekað slegið hann í andlitið. Gegn andmælum ákærða Sigurðar verður ekki fullyrt að hann hafi slegið brotaþola í nefið. Þá verður ekki fullyrt af framangreindum vitnisburði um ástand brotaþola eftir samskipti hans við ákærðu Aron, Ólaf og Sigurð að nef brotaþola hafi verið brotið eftir átök hans við þá. Vera kann að nef brotaþola hafi verið orðið viðkvæmt fyrir hnjaski þegar ákærði Stefán skallar í það og ekki hafi því þurft mikið högg til þess að það brotnaði. Telur dómurinn miðað við fram kominn vitnisburð um aukna áverka og það hvernig brotaþoli brást við, að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að nef brotaþola hafi brotnað við skalla ákærða Stefáns.

Með vísan til framangreinds verður ákærði Stefán sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru, fyrir nefbrot brotaþola og er brot hans réttilega heimfært til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Honum verður hins vegar ekki gert að sök aðrir áverkar sem voru á brotaþola og greinir um í ákæru. Ekki er fallist á þá málsástæðu ákærða Stefáns að um neyðarvörn samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga hafi verið að ræða.

Með vísan til framangreinds verða ákærðu Aron, Ólafur og Sigurður sakfelldir fyrir þá háttsemi og þá áverka sem um getur í ákæru, ef frá er talið nefbrot. Verður brot þeirra heimfært undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu telja að 3. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga eigi við í málinu, enda leitt í ljós að brotþoli hafi verið upphafsmaður átakanna. Eigi því að fella niður refsingu eða að öðrum kosti að lækka refsingu. Við það verður að miða að ákvæðið eigi við um átök sem áttu sér stað eða hófust í beinu framhaldi af árás eða ertingu, en eigi ekki við um hefnd brotþola og vina hans, sem á sér stað nokkru síðar eins og stóð á í þessu máli. Hins vegar þykir mega horfa til atvika allra um hegðun brotþola á vettvangi sem var ekki til þess fallin að draga úr tjóni hans.

#### IV

##### *Refsingar*

Ákærði Aron Hlynur Ásgeirsson er fæddur í október árið 1994. Samkvæmt sakavottorði hefur hann aldrei orðið uppvís að refsiverðri háttsemi fyrr. Horft verður til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga til refsilyngingar. Til lækkunar kemur að ákærði er með hreint sakavottorð. Þá varð nokkur dráttur á útgáfu ákæru sem ákærða verður ekki um kennt. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga sem þykir með vísan til framangreinds, mega binda skilorði eins og í dómsorði greinir.

Ákærði Ólafur Hafsteinn Ólafsson er fæddur í október árið 1994. Samkvæmt sakavottorði, hefur hann aldrei orðið uppvís að refsiverðri háttsemi fyrr. Horft verður til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga til refsilyngingar. Til lækkunar kemur að ákærði er með hreint sakavottorð. Þá varð nokkur dráttur á útgáfu ákæru sem ákærða verður ekki um kennt. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, sem þykir, með vísan til framangreinds, mega binda skilorði eins og í dómsorði greinir.

Ákærði Sigurður Freyr Sigurðsson er fæddur í júlí árið 1994. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur honum einu sinni verið gerð refsing áður fyrir brot gegn ákvæðum umferðarlaga. Það brot hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar nú. Horft verður til 2. mgr. 70. gr. og 3. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga til refsilyngingar, en ekki aðeins var verkið unnið í sameiningu með öðrum, heldur slær ákærði brotþola ítrekað, meðal annars meðan brotþoli stendur með hendur fyrir aftan bak. Til lækkunar refsingu kemur sakaferill ákærða og þá varð nokkur dráttur á útgáfu ákæru sem ákærða verður ekki um kennt. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga, sem þykir, með vísan til framangreinds, mega binda skilorði eins og í dómsorði greinir.

Ákærði Stefán Freyr Thordersen er fæddur í mars árið 1992. Samkvæmt sakavottorði, hefur hann aldrei orðið uppvís af refsiverðri háttsemi fyrr. Horft verður 2. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga til refsilyngingar. Til lækkunar refsingar kemur að ákærði er með hreint sakavottorð og þá varð nokkur dráttur á útgáfu ákæru sem ákærða verður ekki um kennt. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga, sem þykir, með vísan til framangreinds, mega binda skilorði eins og í dómsorði greinir.

#### V

## *Einkaréttarkrafa*

Af hálfu brotþola hefur verið gerð sú krafa að ákærðu greiði honum óskipt 1.620.777 krónur í bætur auk vaxta, og jafnframt lögmannskostnað skipaðs réttargæslumanns. Í máli brotþola kom fram að brot ákærðu hafi verið stórhættuleg og til þess fallin að valda miklu tjóni með varanlegum afleiðingum, þó að ekki væri hægt að fullyrða um varanlegar afleiðingar á þessu stigi. Fram kom að bótakrafan hafi verið birt ákærðu þann 16. og 20. júlí 2014. Bótakrafan er sundurliðuð þannig:

1. Sjúkrakostnaður skv. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga	23.056 krónur
2. Tímabundið atvinnutjón	35.000 krónur
3. Þjáningabætur	62.721 króna
4. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga	1.500.000 krónur

Með 1. tl. bótakröfu fylgdi afrit reikninga og verður ákærðu gert að greiða brotþola þá kröfu að fullu, 23.056 krónur. Með 2. tl. bótakröfu fylgdi yfirlýsing ætlaðs atvinnurekanda um að brotþoli hafi verið frá vinnu í tvo daga og ekki fengið greidd laun fyrir þá daga. Engin gögn fylgdu kröfu í 3. tl. Samkvæmt 2. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 skulu fylgja þau gögn sem varða málatilbúnað brotþola. Ekki þykja nægileg efnistösk að baki kröfum í 2. og 3. tl. og verður þeim því vísað frá dómi.

Með broti því sem ákærðu eru sakfelldir fyrir hafa þeir bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Miski brotþola þykir hæfilega metinn 400.000 krónur og ber að dæma ákærðu til þess að greiða brotþola þá fjárhæð óskipt í miskabætur ásamt vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði.

## VI

### *Sakarkostnaður*

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt allan sakarkostnað málsins, sem er samkvæmt yfirliti sækjanda 96.722 krónur auk þess sem þeim verður gert að greiða óskipt þóknun til réttargæslumanns brotþola eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærðu hverjum fyrir sig gert að greiða málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna fyrir dóminum, eins og í dómsorði getur. Við ákvörðun þóknunar og málsvarnarlauna, hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveður upp Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði Aron Hlynur Ásgeirsson, skal sæta fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Ólafur Hafsteinn Ólafsson, skal sæta fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Sigurður Freyr Sigurðsson, skal sæta fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Stefán Freyr Thordersen, skal sæta fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu, Aron Hlynur, Ólafur Hafsteinn, Sigurður Freyr og Stefán Freyr greiði A óskipt, skaðabætur að fjárhæð 23.056 krónur og miskabætur að fjárhæð 400.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga frá 9. júní 2013 til 20. ágúst 2014, en frá þeim degi til greiðsludags, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga.

Ákærði Aron Hlynur Ásgeirsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, 980.000 krónur.

Ákærði Ólafur Hafsteinn Ólafsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars K. Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 980.000 krónur.

Ákærði Sigurður Freyr Sigurðsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Snorrasonar héraðsdómslögmanns, 980.000 krónur.

Ákærði Stefán Freyr Thordersen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Karls Eyjólfssonar héraðsdómslögmanns, 850.000 krónur.

Annan sakarkostnað að fjárhæð kr. 696.722 greiði ákærðu, Aron, Ólafur, Sigurður og Stefán, óskipt, þar af þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ómars A. Bjarnþórssonar hdl., 600.000 krónur.

Bogi Hjálmtýsson